

Fundur foreldraráðs 29. janúar 2026

Fulltrúar foreldraráðs eru; Rakel Elíasdóttir, Ágústa Steinunn Loftsdóttir, Hanna Kristín Eyjólfsdótti, Stefanía Finnbogadóttir aðstoðarleikskólastjóri og Halla Ösp Hallsdóttir leikskólastjóri.

Tímasetning: 08:30 – 09:00

- **Hlutverk foreldraráðs**

- Foreldraráði bent á að kynna sér rafræna handbók foreldraráða í leikskólum frá Heimili og skóla. Ráðið hvatt til að búa til starfsreglur fyrir leikskólann Kópahvol.

- **Starfsmannamál**

Farið lauslega yfir starfsmannamál, Kópahvoll í góðum málum í þeim efnum, full mannað af góðu fólki.

- **Skipulag starfsins**

Lauslega farið yfir skipulag starfsins, sjálfsprotna leikinn og matstofu. Erum alltaf að skoða okkur og sjá hvar við getum geret betur.

- **Foreldrakönnun – skólapúlsinn**

Foreldraráð látið vita að verið sé að senda út könnun frá skólapúlsinum sem fer af stað 1. Febrúar 2026.

- **Foreldrakönnun vegna innra mats – fulltrúi foreldra í innramats teymi.**

Innra mats könnun var send út í fyrra svo ekki verður sent út í ár, óskað eftir fulltrúa foreldra í matsteymið og Hanna Kristín býður sig fram og það samþykkt. Frábært að vera búin að fá fulltrúa til að sitja með okkur í matsteyminu.

- **Starfsáætlun**

Rætt um að starfsáætlun verði tilbúin fyrir sumarfrí, þá er verið að skila bæði starfsáætlun og leikskóladagatali á sama tíma til leikskólanefndar til yfirlestrar.

- **Húsnæði**

Foreldraráð látið vita að búið er að færa bókasafnið á Krummadeild og var það gert þar sem búið er að óska eftir eldhúsinnréttingu í sal með vask til þess að aðgengi sé betra vegna matstofu. Einnig sáum við möguleika á betri hljóðvist á Krummadeild með því að færa bókasafnið og einnig teljum við það eflandi fyrir elstu börnin í leikskólanum að hafa bókasafnið til umsjónar.

Fundarritari Halla Ösp